



FUNDARGERÐ

230. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 11. september 2023
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Eggert Valur Guðmundsson, Nanna Jónsdóttir, Tómas Birgir Magnússon, Valtýr Valtýsson, Hulda Karlsdóttir, Einar Bárðarson og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Hulda Karlsdóttir, .

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit 2023 - 2302079

Rekstraryfirlit janúar til júlí

Rekstraryfirlit frá janúar til júlí 2023 lagt fram til kynningar. Reksturinn er að mestu leyti skv.áætlun.

2. Ýmsar upplýsingar úr daglegum rekstri - 2101057

Farið yfir ýmis rekstrarmál.

Einar Bárðarson framkvæmdastjóri fer yfir ýmis rekstrarmál.

Traktorsgrafa hefur verið seld og er söluverðið á henni 13,5 m.kr. auk VSK

Nýr sorpbíll kom á götuna í byrjun sept. innfluttur frá Finnlandi. Kostnaður vegna bílsins er um 28 m.kr. nettó sem er innan áætlunar.

Umræða um fyrirkomulag á söfnun á rúllubaggaplasti. Framkvæmdastjóri hefur verið í sambandi við söfnunaraðila um úrlausn söfnunar. Sorpstöð Rangárvallasýslu mun ekki fara í sértæka söfnun á rúllubaggaplasti. Móttaka á rúllubaggaplasti verður áfram á Strönd.

Framkvæmdastjóra falið að auglýsa og selja Volvo söfunarbíl sem hefur hingað til verið varabíll fyrir sorphirðu.

Samþykkt að festa kaup á stærri aftanívagni til að hámarka flutningsgetu á sorpi til móttökuaðila. Einnig að keypt verði klemma og hraðtengi á hjólagröfu til að auka notkunarmöguleika gröfunnar. Samtals fjárfesting að upphæð 8,0 m.kr. og verður fjármögnuð með sölu á öðrum tækjum og hefur því ekki áhrif á fjárhagsáætlun ársins 2023.

3. Starfsmannamál 2023 - Sorpstöðin - 2306040

Trúnaðarmál.

Farið yfir starfsmannamál.

Ákveðið að leggja fram drög að skipuriti á næsta fundi stjórnar.

4. Uppbygging starfsstöðvar og móttöku á Strönd - 2309021

Frestað til næsta fundar.

5. Aðalfundur SOS 2023 - 2309025

Tilnefning fulltrúa á aðalfund SOS 2023

Stjórn samþykkir að Eggert Valur Guðmundsson verði aðalmaður á aðalfundi SOS og Nanna Jónsdóttir til vara.


6. Áhersluverkefni Sorpstöðvar Suðurlands 2024 - 2309026

Frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:30.



Eggert Valur Guðmundsson



Nanna Jónsdóttir



Tómas Birgir Magnússon

*Einu Þarðve
Hunda hirtset.*